

## Bréf umhverfis- og skipulagssvið dags. 6. apríl 2022

MSS22030200

Það tilkynnist hér með að neðangreint erindi var lagt fram á fundi skipulags- og samgönguráðs 6. apríl 2022:

9. **Bókun fulltrúa í íbúaráði Miðborgar og Hlíða, um umferð stærri ökutækja í miðborginni - MSS22030200**

Mál nr. US220081

Lagt fram bréf íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 23. mars 2022, um umferð stærri ökutækja í miðborginni.

*Skipulags- og samgönguráð leggur fram svohljóðandi bókun:*

*Tillagan er tímabær. Skipulags- og samgönguráð telur rétt að skrifstofa samgöngustjóra hefji undirbúning að áframhaldandi vinnu og samráði vegna breytinga á akstursfyrirkomulagi stærri ökutækja í miðborg Reykjavíkur.*

*Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:*

*Fulltrúi Flokks fólksins tekur undir þessa bókun íbúaráðs Miðborgar og Hlíða að samráð vegna endurskoðunar á akstursfyrirkomulagi stærri ökutækja verði hafið aftur núna strax í vor. Einnig að tillögur liggja fyrir áður en meginþungi sumarumferðar ferðamanna hefst og að íbúaráð og íbúasamtök hafi aðkomu að samráðinu. Umferð stórra bíla í miðborginni þarf að vera í lágmarki að mati fulltrúa Flokks fólksins.*

Með kveðju,

Jóhanna Guðjónsdóttir

**Sérfræðingur, skrifstofu stjórnsýslu og gæða**

Sími/Tel.: +354 411 1111

[johanna.gudjonsdottir@reykjavik.is](mailto:johanna.gudjonsdottir@reykjavik.is)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)